

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar, haldinn miðvikudaginn 9. maí 2012 í Grunnskóla Þórshafnar kl. 16:00.

Mætt á fundinn: Siggeir Stefánsson formaður, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Halldóra Ágústsdóttir, Halldóra Friðbergsdóttir, Hildur Kristín Aðalbjörnsdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Kristinn Lárusson, María Guðmundsdóttir, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Stefán Benjamínsson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

- Nemendur eru í prófum og prófundirbúningi þessa dagana.
- Eldri bekkir eru í sundprófum þessa dagana.
- Næsta vika verður „skólatöskulaus“ en þá fara nemendur í vorferðir.
- Nemendur 1. bekkjar næsta skólaárs verða innritaðir í næstu viku.
- Tiltektardagur verður í næstu viku.
- Skólanum verður slitið 18. maí nk.
- Allir kennarar og leiðbeinendur yfirstandandi skólaárs vilja kenna næsta vetur, utan einn. Lausar stöður verða auglýstar á næstu dögum.

2. Skýrsla skólastjóra Tónlistarskólans á Þórshöfn

- Vortónleikar verða haldnir fimfundaginn 10. maí nk. með nemendum frá Þórshöfn og Bakkafirði.
- Stefnt er að því að veita nemendum tónlistarskólans umsagnir á næsta skólaári, ásamt því að taka upp áfangapróf.
- Í sumari er fyrirhuguð ferð með hóp nemenda úr tónlistarskólanum til Eistlands.
- Kadri G. Laube verður áfram kennari við tónlistarskólann.

3. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði

- Nemendur halda leiksýningu þann 11. maí.
- Framundan er skólaferðalag eldri deildar og vorferðir yngri deildar.
- Skólanum verður slitið 18. maí nk.
- Foreldrar nemenda 8., 9. og 10. bekkjar hafa óskað eftir að þessum nemendum verði kennt á Bakkafirði á næsta skólaári.
- Auglýst verður eftir lausum stöðum við skólann á næstu dögum.

4. Skýrsla skólastjóra Barnabóls

- Vorsýning verður haldin föstudaginn 11. maí nk.
- Útskriftarnemendur fara í útskriftarferð 12. maí.
- Útskrift elstu nemenda verður í næstu viku.
- Undirbúningur endurbóta á skólalóð er hafinn.

5. Skóladagatal næsta skólaárs

- Miklar umræður um styttingu skólaársins, líkt og var gert á yfirstandandi skólaári.
- Skóladagatal Grunnskólans á Þórshöfn borið undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

- Komið hefur fram ósk foreldra um að Grunnskólanum á Bakkafirði ljúki á svipuðum tíma og á þessu ári. Skólastjóra falið að leggja drög að skóladagatali með styttingu skólaársins í huga.

Samþykkt samhljóða.

6. Staða faglegrar kennslu í skólum sveitarfélagsins, grunn- og leikskólum

- Rætt um að stofna til tengsla við aðra skóla með það að markmiði að styðja við og efla faglegt starf í skólunum.
- Fengist hefur 800 þúsund króna styrkur úr Sprotasjóði til þróunarverkefnis um fjölbreyttari kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám og jákvæðari skólabrag, til viðbótar þeim 400 þúsund krónum sem fengust til verkefnisins úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

7. Umbótaáætlun Grunnskólans á Þórshöfn

- Umræður um umbótaáætlunina.
- Umbótaáætlunin var kynnt á opnum fundi þann 2. maí sl.
- Ýmsir þættir áætlunarinnar eru þegar vel á veg komnir.

8. Tillögur um um framtíðarskipan grunnskóla í Langanesbyggð

- Kynnt drög að tillögu um skipulagsbreytingar í Grunnskólanum á Þórshöfn, ásamt drögum að skipuriti og starfslýsingum.
Ákveðið að kynna drögin fyrir kennurum í Grunnskóla Þórshafnar sem og að leita álitis utanaðkomandi fagaðila og fjalla um þau að nýju eins fljótt og við verður komið.
- Kynnt drög að tillögu um sameiningu grunnskólanna í Langanesbyggð, ásamt drögum að skipuriti og starfslýsingum.
Umræður um drögin.

9. Umsóknir um stöðu skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Alls hafa borist 5 umsóknir um stöðu skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn en umsóknarfrestur rann út þann 1. maí sl. Umsækjendur eru:

- Gerður Ólína Steinþórsdóttir
- Ingibjörg Helga Baldursdóttir
- Ingveldur Eiríksdóttir
- Kristín Thorberg
- Sigurður Gísli Guðjónsson

Umsóknirnar ræddar. Nefndin lýsir ánægju með góðar umsóknir. Formanni fræðslunefndar falið að kalla þrjá af umsækjendunum til viðtals. Einnig ákveðið að fá álit fagfólks á umsóknunum.

10. Umsóknir um stöðu íþróttakennara

Borist hafa tvær umsóknir um stöðu íþróttakennara. Umsóknirnar kynntar og ræddar.

11. Hollvinasamtök grunn- og leikskóla í Langanesbyggðar

Rætt um hlutverk hollvinasamtaka og hvernig best er að styðja við þá sem gáfu sig fram í stjórn samtakanna. Rætt um að bjóða íbúum á Bakkafirði að taka þátt í starfinu. Halldóra ætlar að kalla saman fyrsta fund samtakanna.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30.